

## GARÐSKAGAVITI HERTEKINN 1940

– Soffía A. Haraldsdóttir

Ég á sérstaka minningu frá árinu 1940 en þá var ég 9 ára. Ég var stödd í sveit hjá afa mínum, Einari Straumfjörð Einarssyni, sem var vitavörður á Garðskaga. Aðstaðan á Garðskaga var þannig að fjaran var alveg hvít af skeljasandi upp að grasinu. Við húsið var fjós og hlaða og í hlöðunni var talsvert af heyi sem við gátum leikið okkur í. Það var steypur garður sem lá út í gamla vitann og voru grindur meðfram stígnum og band tengt í grindurnar. Veðrið gat orðið svo vont að afi þurfti að skriða til að komast út í vitann. En veðrið var mjög gott þennan maí-dag og allt orðið grænt. Það var verið að byggja nýja vitann en hann var ekki vígður fyrr en árið 1944.



Gamli Garðskagavitinn. Vilhelmina Kristín Straumfjörð Einarssdóttir, Soffía Rún Kristjánsdóttir, Karen Nadía Pálsdóttir.

Þennan morgun var ég með frænku minni, Þóru Guðrúnu, sem var yngri en ég og við vorum eitthvað að leika okkur utandyra. Allt í einu sjáum við að í áttina til okkar kemur heil lest af herjippum. Þeir komu að bænum og við vissum það einhvern veginn að þeir voru komnir til að taka vitann. Við vissum einhvern veginn líka að þar með fengi afi ekki að stjórna vitanum lengur. Ég veit ekki hvað þetta voru margir bílar en í minningunni var þetta heil lest, en kannski voru þeir ekki fleiri en 4-6. Þeir voru vopnaðir með byssur og byssustingi. Þeir fóru rակleitt inn í húsið og voru býsna valdsmannslegir. Frænka mín var með kettling í fanginu og við stóðum þarna alveg stjarfar og hjartað barðist í brjóstinu. Eflaust hefur hún haldið nokkuð fast í kettlinginn því loks pissaði kisa á hana því hún gat ekki losað sig. Ég sé okkur í anda alveg stjarfar af hræðslu með hjartað upp í hálsi.

Nálægt vitanum var slysavarnarskúr og tveir Bretanna voru skildir eftir í þessum skúr og þeim ætlað að vera þarna og gæta að vitanum. Ég veit ekki hvernig aðbúnaðurinn var hjá þeim enda þetta bara skúr. Annar mannanna kom heim að bænum á daginn til að sækja vatn í brunn sem var í túninu enda var ekki neitt vatn í slysavarnarskúrnum. Það var samt rennandi vatn í húsinu – man það því ég hjálpaði til við að vaska upp og fékk að vera með í öllu.

Eftir að Bretarnir tóku vitann var okkur sagt að við mættum ekki fara niður í fjöru og það þótti okkur sárt því það var svo gaman að leika sér í mjallahvítri fjörunni.

Samskiptin við Bretana voru nokkuð erfið þar sem enginn talaði ensku en einhvern veginn gekk þetta þó. Komið var upp kerfi að ef Bretarnir voru kallaðir í síma þá fór afi út á hlað. Hann gekk við staf og notaði stafinn til að veifa og húa til að vekja athygli Bretanna. En tungumálaerfiðleikarnir gátu fengið á sig skondna mynd. Einu sinni vorum við sest við matarborðið og þá vantaði vinnumanninn. Afi var nokkuð háværr og fór út á tröppu til að kalla í vinnumanninn í matinn. Bretinn misskildi þetta og kom þjótandi, snaraðist inn og hélt að væri verið að kalla í sig í símann. Hann æddi inn í stofu þar sem síminn var og lagði frá sér byssuna og byrjaði að hallóa í símann. Við gátum ekki gert honum skiljanlegt að það væri ekki sími til hans og það hefði alls ekki verið kallað á hann. Hann horfði á okkur og fór svo aftur að símanum en þar var enginn. Loks lagði Þorbjörg kona afa höndina á öxlina á hermanninum og benti á vinnumanninn og svo á munninn á sér og sagði „spise“. Þó þetta væri danska þá virtist þetta skiljast og hermaðurinn fór.

Ég man líka að Bretinn gaf okkur einu sinni súkkulaði og við vorum svo heppnar að geta gefið honum brjóstsykur í staðinn.

## STRANDMENNINGARHÁTÍÐ 2012

Í strandmenningarbænum Ebeltoft í Danmörku er nú unnið hörðum höndum að undirbúningi næstu **norrænu strandmenningarhátíðarinnar – Nordisk kystkulturstævne 2012** sem haldin verður dagana 11-14 júlí. Ebeltoft er paradís strandmenningar á norðvestur Jótlandi og verða allar hafnirnar fjórar nýttar undir hátíðarhöldin. Við bryggju liggur stærsta tréskip heims, freigátan Jylland <http://www.fregatten-jylland.dk> Handverk, tónlist, bátar, siglingar, bækur, kvikmyndir, fyrirlestrar og margt fleira verður á boðstólum auk tækifæra til að hitta sína líka. Fylgist með á [www.ebeltoft2012.dk](http://www.ebeltoft2012.dk) og hafið samband við okkur [vitar@vitafelagid.com](mailto:vitar@vitafelagid.com) ef þið viljið frekari upplýsingar.



RITSTJÓRN: SIGRÚN KLARA HANNESDÓTTIR, SIGURBJÖRG ÁRNADÓTTIR



# Fréttabréf

# Íslenska Vitafélagið

1. töl 2012

-félag um íslenska strandmenningu

Ágætu lesendur


Nú er vetur að baki og vorið komið með söng sumargesta. Trillukarlarnir farnir að huga að bátum sínum og börn að tína skeljar í fjöruborði. Sumarið biður handan horns. Íslenska vitafélagið – félag um íslenska strandmenningu á að baki viðburðaríkt ár. Fyrsta norræna strandmenningahátíðin var haldin í júlí á Húsavík og nú er unnið að fullum krafti að næstu hátíðum sem framvegis verða árlegur viðburður. Næsta hátíð verður í Ebeltoft í Danmörku dagana 11.-14. Júlí 2012 síðan er það Karlskrona í Svíþjóð sem tekur við keflinu og heldur hátíðina 2013 og Noregur 2014. Í Ebeltoft er er einnig ætluin að formlega verði stofnað norrænt tengslaneti allra grasrótafélaga sem vinna að strandmenningu í víðasta skilningi þess orðs og fá sjóminjasöfn landanna til samstarfs.

Hátíðin á Húsavík nefndist Sail Húsavík en héðan í frá munu hátíðirnar bera heitið **Norræn strandmenning - Nordisk kystkultur**. Þar sem siglingar eru einungis hluti strandmenningarinnar fannst okkur, sem að undirbúningi höfum staðið, það rangnefni að kenna þær við siglingar og því var ákveðið að breyta nafninu. Að koma á norrænu tengslaneti á sviði strandmenningar er mikill fengur og það eru ekki hvað síst við Íslendingar sem þurfum á því að halda.

Laugardagana 25. febrúar og 3. mars tók Vitafélagið þátt í miklum og skemmtilegum hátíðarhöldum í og við vitana á Garðskaga að frumkvæði heimamanna. Bæði kvöldin lásu rithöfundar úr verkum sínum í lýðveldisvitanum og nemendur tónlistaskólans spiluðu á hljóðfæri og sungu. Síðara kvöldinu lauk með mikilli tónleikaveislu í Byggðasafninu, innanum báta og gamla muni, þar sem fram komu nokkrir af helstu tónlistamönnum þjóðarinnar ásamt norrænum vísasöngvurum. Það er skemmst frá því að segja að þessi viðburður vakti stormandi lukku og hundruð manna komu til að njóta. Þetta sýnir okkur einnig og sannar að það er ekki alltaf nauðsyn að eiga Hof eða Hörpu til að gera sér glaðan dag. Á teningnum eru margar hliðar og besta leiðin til að vernda menningararfinn er að nýta hann. Vonandi taka aðrir sér þetta frábæra framtak sér til fyrirmyndar.

Í Víkinni – Sjóminjasafninu í Reykjavík hefur félagið staðið fyrir sínum árlegu fræðslukvöldum og í vetur hafa átta sérfróðir einstaklingar lagt okkur lið með skemmtilegum og mjög fróðlegum erindum. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir svo og öllum þeim sem sótt hafa þessi fræðslukvöld. Lokapunktur vetrardagskráarinnar verður jafnframt landsbyggðarheimsókn ársins. Í ár liggur leiðin til Ísafjarðar 18. maí þar sem blásið er til málþings í samvinnu við heimamenn um auð og ógnir Vestfjarða. Dagskráin verður auglýst síðar á heimasíðu félagsins og í staðarblöðum fyrir vestan. Félagið býður alla velkomna vestur og ef ekki nú þá hvetjum við alla til að heimsækja Vestfirði heim við fyrsta besta tækifæri og upplifa náttúrufegurð þeirra og öfluga strandmenningu.

Sigurbjörg Árnadóttir, formaður



Garðskagaviti i nýju ljósi. Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir

VINSAMLEGAST MUNIÐ AÐ GREIDA FÉLAGSGJÖLDIN

## OPNUN AKRANESVITANS Á BREIÐINNI

– Hilmar Sigvaldason



Akranesvíti. Ljóm. Bjarki Halldórs

Það var í lok árs 2011 sem ég ásamt Inga Steinari Gunnlaugssyni vöktum athygli á slæmu ástandi gamla vitans á Syðri flöð. Sá viti er fyrsti steinsteypti viti á Íslandi, byggður 1918, og er því rétt tæplega hundrað ára gamall. Sá gamli hefur allengi verið hafður opinn allan sólarhringinn án gæslu. Hann var síðast tekinn í gegn árið 1992 af Kiwanisklúbbum Þyrli, en síðan hefur hann grotnað niður öllum til ama. Með mikilli þrautseigju hafðist það í gegn að hann verði tekinn í gegn í sumar og honum sýndur sá sómi sem slíku mannvirki ber. Í framhaldi af því fór ég að velja því fyrir mér hvort ekki mætti virkja nýrri vitann, sem var byggður á árunum 1943-1944 og tekinn í notkun árið 1947.

Það var svo fyrir um einum og hálfum mánuði síðan sem ég setti kraft í þessa hugmynd í framhaldi af auglýsingu sem Akraneskaupstaður birti í auglýsingarblaðinu Pósturinn. Þar var auglýst eftir hugmyndum sem gætu aukið ferðamannastraum til Akraness. Meðal þeirra hugmynda sem ég ræddi við fulltrúa Akraneskaupstaðar var að opna stóra vitann á Breiðinni fyrir almenningi, en hann hafði verið lokaður öðrum en umsjónarmönnum vitans nánast frá fyrsta degi. Það var svo þegar ég sá auglýsta Vita- og vísnahtíð í Garðinum sem ég fór að hugleiða það að ef hægt væri að flytja tónlist í Garðskagavita þá hlyti það að vera hægt í Akranesvita líka. Ég hafði samband við Lárus Sighvatsson skólastjóra Tónlistarskóla Akraness og viðraði þessa hugmynd mína við hann. Ég náði að plata hann með mér í vitann með trompet að vopni og þegar hann hafði spilað fyrsta tóninn varð hann heillaður af hljómburðinum í vitanum. Í framhaldinu fékk hann einn nemanda sinn, Rut Berg Guðmundsdóttur til að spila á þverflautu lagið Dagný, sem Lárus tók upp á myndband. Það má segja að eftir að hann hafði sett þá upptöku á netið hafi boltinn byrjað að rúlla.

Viku seinna, föstudaginn 16. mars gekk ég í það að fá leyfi til að hafa vitann opinn laugardaginn 17. mars. Þar sem tíminn var mjög naumur fór ég með tíðindin í héraðsfréttablaðið Skessuhorn sem birti veffrétt um opnunina. Á föstudeginum var viðtal við Lárus í sexfréttum útvarpsins þar sem brot úr laginu Dagný var spilað undir. Þar líkti Lárus hljómburðinum við hljómburðinn í St. Péturskirkju í Róm. Á laugardeginum komu svo um tvö hundruð manns í heimsókn í vitann. Helgina á eftir var vitinn aftur opinn en þann daginn komu einungis um hundrað manns. En í heildina frá fyrstu opnun hafa komið um 400 manns í vitann. Það eru fjölmargir búnir að prófa hljómburðinn í vitanum og mest allt af því efni hefur verið tekið upp á myndband og sett á netið. Ég stofnaði síðu á Facebook undir nafninu Akranesvíti, þar sem má nálgast öll þau myndbönd sem hafa verið tekin upp. Ég er núna að vinna í því að fá fleiri hljóðfæraleikara til að prófa hljómburðinn svo sem fiðluleikara og saxófónleikara.

Það sem mig dreymir um varðandi tónleikaflutning í vitanum er að umsjónarmenn Akranesvita, Garðskagavita og Gróttuvita (sem eru systravitarnir) taki sig saman um að halda tónleika í þeim öllum á sama tíma. Það yrðu notuð sams konar hljóðfæri og lagavalið yrði það sama í öllum vitunum. Það er bara spurning um hvaða dagur yrði heppilegur fyrir svaleiðis atburð. Og ef vel tækist til væri gaman að gera hann að árlegum viðburði. Ég hef augljóslega ekki staðið í þessu verkefni einn. Þeir sem hafa aðstoðað mig mest í þessu eru félagar mínir í Vitunum – félagi áhugaljósmyndara á Akranesi Björn Lúðvíksson, Finnur Andrésson og Friðþjófur Helgason. Björn og Friðþjófur hafa séð um að kvikmynda tónlistaratriðin og Finnur hefur séð um gæsluna með mér auk þess sem Björn hefur einnig aðstoðað við gæslu. Þess ber að geta að Akraneskaupstaður hefur ekki þurft að leggja þessu verkefni til neina fjármuni hingað til.

Það er einlæg von mín að bæjaryfirvöld Akranesi sjái því lík perla Breiðin er og nýti þetta einstaka tækifæri til að koma þessu einstaka svæði á kortið.

## SAGT HEFUR ÞAÐ VERIÐ UM SUÐURNESJAMENN...

Á síðustu árum hafa íbúar í Sveitarfélaginu Garði ótullega nýtt sér sögu staðarins, minjar og byggingar til að koma sveitarfélaginu á kortið og efla atvinnu. Með bæjarstjórnann í broddi fylkingar hafa þeir sýnt áræði, hugmyndaflug og dugnað sem eftir er tekið. Af þeim viðburðum sem koma í hugann eru; söguganga um sveitarfélagið, ganga fjörolallans frá vita til vita á Jónsmessunótt og nú síðast var efnt til vita og vísnahtíðs. Laugardagskvöldin 25. febrúar og 5. mars lásu rithöfundar úr verkum sínum í Lýðveldisvitunum og nemendur Tónlistarskólans léku á hljóðfæri og sungu. Síðara kvöldið endaði síðan með miklum tónleikum í Byggðasafninu þar sem margir af fremsta tónlistarfólki þjóðarinnar stigu á stökk innanum báta og gamla muni. Má þar nefna Guðrúnu Gunnarsdóttur, Gunnar Þórðarson, Of Monsters and Men, Valgeir Guðjónsson og norræna vísnahtíð Nordisk Knock-Out. Í vitanum lásu úr verkum sínum Steinar Lúðvíksson, Anton Helgi Jónsson, Birgir Svan Símonarson og Oddný Eir Ævarsdóttir. Ekki skemmdu veðurguðirnir fyrir sem ásamt umhverfislýsingu Norðanbálsmanna sveipuðu staðinn ævintýraljóma.

Það er Íslenska vitafélaginu bæði ánægja og heiður að taka þátt í viðburðum sem þessum og eitt af aðalmarkmiðum félagsins – að efla og vernda strandmenninguna og stuðla að nýsköpun. Verkefnið Trossan [www.fishernet.is](http://www.fishernet.is) sem vistað er hjá Stofnun Vilhjálm Stefánssonar lagði einnig hönd á plóg við undirbúning og skipulagningu. Það verður ánægjulegt að fylgjast með dugnaði Garðbúa og spennandi að sjá uppá hverju þeir finna næst.

## SLIPPURINN Í ENDURNÝJUN LÍFDAGA



Örylgur Kristfinnsson, safnstjóri Sildarminjasafnsins og Aníta Elefsen, sagnfræðingur safnsins

Fimmtudagurinn 29. mars 2012 var merkur dagur í sögu Siglufjarðar sem og í sögu íslenskrar strandmenningar. Þennan dag var undirritaður samningur milli Sildarminja-safnsins og sveitarfélagsins Fjallabyggðar um yfirtöku safnsins á Slippnum á Siglufirði. Þetta var hátiðleg stund, stórt skref í að endurheimta íslenska strandmenningu og Sildarminjasafninu og sveitarfélaginu til mikils sóma. Höfuðbær sildarinnar – Siglufjörður á sér nefnilega meiri sögu en bara síldveiðar. Í bænum er að finna merka sögu skipasmíða á Íslandi. Á 19. öld voru þar smíðaðar skonnortur sem notaðar voru til hákarlaveiða og síðar síldveiða, þar voru smíðaðir bátar og þar var þjónusta í 60 ár við norðenska bátafлотann. Þá er talið víst að Slippurinn á Siglufirði sé elsta smábátasmíðastöð landsins og trúlega sú eina sinnar tegundar.

Eignin samanstendur af Slippnum, verkstæðishúsi og dráttarbraut sem í er gamalt skip ásamt lóð. Það er skip sem upprunalega

hét Guðmundur Þórðarson GK 75, 52 brl., smíðaður í Hafnarfirði 1943 og má svo sannarlega muna sinn fífil fegri. Slippverkstæðið er rúmlega 300 fermetrar, byggt árið 1934. Þar er að finna gömul tæki og verkfæri og elstu trésmíðavélarnar eru um 100 ára gamlar. Dráttarbrautin var keypt notuð frá Akureyri um 1930 og mikið endurnýjuð og stækkuð um 1950. Frá árinu 2009 hafa starfsmenn Sildarminjasafnsins unnið í Slippnum að smíði arabáta og nú þegar hafa þeir lagt sína listrænu hönd á verkstæðið, unnið að viðgerðum og komið fyrir gömlum verkfærum, gestum til yndisauka og fræðslu. Slippnum er ætlað það hlutverka að vera sögusýning fyrir gesti Sildarminjasafnsins jafnframt því að vera aðstaða fyrir bátasmíði og til viðgerða á eldri bátum. Til hamingju Siglufirðingar og landsmenn allir.

## GRÓTTA – TVEIR VITAR, TVEIR VITAVERÐIR

– Kristján Sveinsson

Sumarið 1897 var gert talsvert átak í vitavæðingu Íslands þegar þrjár vitar voru byggðar við Faxaflóa, Garðskagaviti, Gróttuviti og Reykjavíkuviti. Danskur byggingameistari, Fredrik Anton Bald, sem átti hlut að mörgum hinna stærri bygginga sem reistar voru á Íslandi á síðari hluta 19. aldar byggði vitana en tæknimenn frá dönsku vitastofnuninni sáu um að setja upp ljóshús og ljóstæki.



Gróttuviti

Gróttuvitinn frá 1897 var 8 m að hæð, steinhlaðinn og steinsteyptur með ljóshúsi úr jarnsteypu. Haustið 1897 var byggt við hann steinhlaðið varðskýli þar sem vitavörðurinn gat hafst við þegar hann þurfti að dvelja í vitanum við gæslustörf sín. Í steinhleðslur vitans var meðal annars notað grjót úr steinhlaðinni sjómerkjavörðu sem hafnarnefnd Reykjavíkur hafði látið reisa árið 1866 og var 14 fet að hæð eða rúmlega 4 metrar. Var vitinn reistur í vörðustæðinu enda hafði varðan verið staðsett eins nákvæmlega og unnt var með þeirrar tíðar mælingatækni.

Eldri Gróttuvitinn varð hálfrar aldar gamall. Þegar vitinn sem nú stendur í Gróttu var byggður árið 1947

voru veggir eldri vitans orðnir töluvert sprungnir og var hann rifinn skömmu eftir að ný vitinn var tekinn í notkun. Ljóshúsið var hins vegar í ágætu ásigkomulagi og var því gefið nýtt hlutverk sem innsiglingarviti í Súgandisey við Stykkishólm þar sem það þjónar sjófarendum enn í dag.

Þótt gamli Gróttuvitinn væri orðinn nokkuð hrörlegur laust fyrir miðja síðustu öld var hann ekki að hruni kominn og það sem mestu réði um að nýr viti var byggður árið 1947 voru eindregnar óskir sjómanna um vita með öflugra ljósi sem hægt væri að sjá lengra að en ljós gamla vitans. Til þess að svo mætti verða varð ný vitinn 24 m að hæð að ljóshúsinu meðtöldu. Bæði ljóshús og ljóstæki nýja vitans voru fengin frá Bretlandi en Axel Sveinsson verkfræðingur á Vitamálastofnun teiknaði vitaturninn. Svipaðir turnar voru byggðir á Garðskaga og Akranesi þessi árin og gegndu þeir sama hlutverki og Gróttuvitinn sem lokað hefur í 65 ár nú í haust.

Ábúandinn í Gróttu, Þorvarður Einarsson (7.12.1863–1.7.1931), sem hafði flust þangað tveimur árum áður en vitinn var reistur varð vitavörður og gegndi því starfi til dauðadags. Eftir andlát hans sumarið 1931 tók Albert sonur Þorvarðar við starfinu og rækti það samfelld þar til hann drukknaði af báti sínum sumarið 1970. Eftir lát Alberts, sem lengi hafði búið einsamall í Gróttu, lagðist búseta vitavardar í Gróttu af enda vitinn svo nærri þéttbýli og höfuðstöðvum vitabjónustunnar, sem þá voru við Seljaveg í Reykjavík, að auðvelt var að sinna honum þaðan.